

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir, til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

Fyrir opinn bát	kr. 500.00
Fyrir opinn bát með vél	— 900.00
Fyrir þilfarsskip minna en 15. rúml.	— 1 600.00
Fyrir þilfarsskip 15 rúml. allt að 30 rúml.	— 2 000.00
Fyrir þilfarsskip 30 rúml. allt að 50 rúml.	— 2 700.00
Fyrir þilfarsskip 50 rúml. allt að 100 rúml.	— 3 100.00
Fyrir þilfarsskip 100 rúml. allt að 200 rúml.	— 4 600.00
Fyrir þilfarsskip 200 rúml. allt að 300 rúml.	— 5 200.00
Fyrir þilfarsskip 300 rúml. allt að 400 rúml. og stærri	— 6 500.00

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti, fyrir vélskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ og fyrir holskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti.

Hálf rúmlest eða meira felst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi og eru stærri en 400 rúml., skulu skipaskoðunarmönnum greiddar kr. 2 100.00, enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða.

2. gr.

Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

3. gr.

Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 1 000.00.

4. gr.

Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti, í þar til gerðar bækur, sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr., skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr., greiðir Siglugamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

Reglugerð þessi, um laun fyrir skoðun á skipum, sem framkvæmd er af hinum lögskipuðu skoðunarmönnum, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, er hér með sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 249 10. nóvember 1970, um laun skipa-skoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

Samgönguráðuneytið, 24. september 1973.

Björn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

15. október 1973.

Nr. 277.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 83 9. marz 1973.

B. Almenn heimilisnotkun.

12. Í stað: Um kWst.-mæli á kr. 3.03 og auk þess fastagjald kr. 312.00 á ári. . .
Komi: Um kWst.-mæli á kr. 2.91 og auk þess fastagjald kr. 300.00 á ári.

E. Stórnotkun.

50. Í stað: Aflgjald kr. 5 473.00 hvert árs-kW
Orkugjald kr. 0.61 hverja kWst. . .
Komi: Aflgjald kr. 5 820.00 hvert árs-kW
Orkugjald kr. 0.65 hverja kWst.
Að öðru leyti skal gjaldskráin óbreytt standa. Ákvæði bráðabirgðalaga nr. 40 30. apríl 1973 taka til gjalda, eins og þau eru ákveðin með breytingu þessari.
Breyting þessi á gjaldskrá nr. 83 9. marz 1973 staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 15. október 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.